

Fundur í skólaráði 18. október 2019

Mættir voru á fundinn Dögg Ármannsdóttir fh. foreldra, Kristófer Nökkvi fh. grenndarsamfélags, Unda Brauna og Iðunn Sighvatsdóttir fh. nemenda, Steindóra K. Gunnlaugsdóttir, fh. kennara, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri og Sigríður aðstoðarskólastjóri ritar fundinn.

- Starfsáætlun skólaráðs kynnt. Fundir verða annan föstudag í mánuði kl. 8.20.
- Starfsáætlun skóla
Á hverju ári er ný starfsáætlun gefin út og veitir hún miklar upplýsingar um skólastarfið s.s. stefnu skólans, skipulag kennslu o.m.fl.. Er hún vistuð á heimasíðu.
- Kynning á niðurstöðum úr Skólapúlsi.
Skólapúlsinn er lagður fyrir 3x yfir árið og þetta eru fyrstu niðurstöður. Allir nemendur frá 1. – 9. bekkjar taka þátt yfir árið. Fyrstu niðurstöður eru komnar í hús og hafa þær ákveðið forspágildi þrátt fyrir að fáir nemendur séu undir. Kristín fór yfir niðurstöður og hvaða spurningar lágu að baki hverjum þætti.
- Málefni líðandi stundar:

Nemenda-foreldra og starfsmannþing:

Nú eru öll þingin afstaðin og þykja hafa tekist vel. Mismunandi spurningar voru lagðar fyrir hvern hóp. Í starfsmannahópnum var spurt um öll gildi skólans. Á foreldraþingi var spurt um gildið vilja, og með vísan í skóla, nærsamfélag og foreldrasamskipti. Á nemendaþingi var spurt um vöxt og hugarfar vaxtar.

Lýsing á skólalóð:

Nú er að hefjast annar þáttur lýsingar á lóðinni. Verið er að tala um meiri lýsingu á allri lóðinni. Mikil viðhaldsþörf er á lóðinni og margbúið að kalla eftir viðgerðum á t.d. gervigrasinu. Þá hefur líka verið marg ítrekað óskað eftir girðingum og hliði á skólalóð.

Forvarnir og fíkniefni:

Dögg kom fram með fyrirspurn, hvað getum við gert sem samfélag til að sporna við vappmenningu og hvernig eigum við að bregðast við. Kristín sagði frá því að við hefðum ekki komið vel út í síðustu könnun varðandi neyslu á áfengi, vapp og fíkniefnum. Vissulega er verið að setja inn fyrirlestra, fræðslu og fleira en það þurfi að hugsa það upp á nýtt og fara með markvissa fræðslu inn neðar í aldri. Þá er áhorf á klámi mjög algengt, sérstaklega hjá drengjum á miðstigi og unglingum. Nú sé undirbúningur hafinn á endurskoðun á forvarnaráætlun skólans m.t.t. breytt umhverfis.